



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2018
Tilv. 1805103/0.7.3

Efni: Athugasemdir frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - 622. mál

Ný löggjöf um persónuvernd tók gildi í Evrópu þann 25. maí sl. Þegar reglugerð ESB frá 27. apríl 2016 tók gildi. Frumvarp um ný persónuverndarlög var fyrst lögð fyrir Alþingi 29. maí.

Í kjölfar þess hefur Þjóðskjalasafn mótttekið tölvubréf frá nefndasviði Alþingis dags. 30. maí þar sem óskað er eftir umsögn um þetta frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 7. júní.

Frumvarpið er afar umfangsmikið, samtals 147 blaðsíður með greinargerð en umsagnarfrestur er afar skammur. Þjóðskjalasafn nær ekki að kynna sér frumvarpið til fulls á þeim tíma. Mikilsvert er að frumvarp þetta fái vandaða og góða umfjöllun og að tími verði gefinn til þess.

Þjóðskjalasafn sendi inn umsögn um drög að frumvarpinu þegar það var auglýst á Samráðsgátt þann 19. mars sl. Að nokkru marki var tekið tillit til ábendinga safnsins. Þjóðskjalasafn telur að frumvarpið feli í sér mikla réttarbót fyrir þegna landsins. Frumvarpið verður hins vegar ekki skilið nema með reglugerðina við höndina. Að mati safnsins er heppilegra að lagagreinar í nýjum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga kveði betur á um rétt einstaklinga og einnig veigamestu takmarkanir á þeim rétti. Þannig verður rétturinn í heild skýrari. Það er með öðrum orðum óheppilegt að takmarkanirnar séu einungis í reglugerðinni, eins og neðanmálgreinar eða smáaletur. Stjórnsýsla og borgarar hagnast á því að einstaka lagagreinar séu skýrar um rétt og takmörk hans. Slíkt auðveldar skilning á lögnum og líklegt til að draga úr óþarfa skýringum, minnka álag á stofnanir og einfalda alla umfjöllun. Grein 20 er tekin til dæmis um þetta hér á eftir.

Við núverandi frumvarp gerir undirritaður að öðru leyti þessar athugasemdir á grundvelli lauslegrar skoðunar.

Orðskýringar

Víða í frumvarpinu og í reglugerðardrögum er að finna hugtakið *skjalavistun í þágu almannahagsmuna*. Í greinargerð frumvarpsins þar sem fjallað er um 18. gr. þess er vikið að því að með hugtakinu sé einkum átt við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila gilda lög um opinber skjalasöfn, þ.m.t. um varðveislu og eyðingu gagna sem verða til í starfsemi þeirra. Mikilvægt er að orðalag frumvarpsins sé skýrt og ekki leiki vafi á um hvað átt er við. Í ljósi þess leggur undirritaður til að í 3. gr. frumvarpsins bætist

við skýring á hugtakinu *skjalavistun í þágu almannahagsmuna* og þar vísi skýringin til þess hvaða lög og reglur gildi um opinbera skjalavörslu og skjalastjórn. Til verði skýringargrein sem hljóði svo: *Skjalavistun í þágu almannahagsmuna: Skjalavarsla og skjalastjórn sem byggir á lögum um opinber skjalasöfn.*

Aðgangur að skjölum skv. lögum um opinber skjalasöfn

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögín takmarki ekki aðgang að skjölum skv. upplýsingalögum og stjórnslulögum. Ákvæði laga um opinber skjalasöfn gilda um aðgang að skjölum sem eru 30 ára og eldri en upplýsingalög um aðgang að skjölum sem eru yngri en 30 ára. Til að gæta samræmis og heildarsjónarmiða er rétt að lög um opinber skjalasöfn verði einnig talin upp í greininni. Þannig er lagt til að 2. málsgrein 5. gr. hljóði svo: *Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum, lögum um opinber skjalasöfn og stjórnslulögum.*

Varðveisla persónuupplýsinga hjá afhendingarskyldum aðilum

Þjóðskjalasafn telur að í frumvarpi til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga megi kveða skýrar á um takmarkanir á rétti einstaklinga til að fá upplýsingum um sig breytt og eytt, sbr. það sem áður segir.

20. gr. frumvarpsins kallast *Réttur til leiðréttingar, eyðingar, flutnings eigin gagna o.fl.*, Í 1. málgrein stendur:

„Hinn skráði á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar um sig leiðréttar svo og rétt til að ábyrgðaraðilinn eyði persónuupplýsingum um hann án ótilhlýðilegrar tafar (réttur til að gleymast) og rétt til að ábyrgðaraðili takmarki vinnslu samkvæmt nánari skilyrðum 16.–19. gr. reglugerðarinnar.“

Eins og greinin er núna þarf lesandi að lesa reglugerðina sér til frekari skýringa. Það væri borgurum og stofnunum til hagsbóta og einföldunar og það væri gagnsærra, að takmarkanirnar væru tilgreindar í lagagreininni. Hér væri heppilegt að tiltaka þær takmarkanir sem gilda skv. 17. gr. reglugerðarinnar, 3, liður b og d til dæmis.

Hingað til hafa einstaklingar ekki getað fengið eytt upplýsingum um sig í opinberum kerfum, enda upplýsingar sem opinberir aðilar afla með lögumætum hætti í því skyni að framfylgja lögbundnum verkefnum sínum. Þær opinberu skrár þarf stjórnvald að hafa undir sinni stjórn og til þess að tryggja réttindi sín og borgaranna.

Til nánari skýringar skal ítrekað að lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn fjalla um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og mynda ramma utan um varðveislu og skipulag skjalasafna þeirra. Í 24. gr. laganna er til að mynda kveðið á um að afhendingarskyldir aðilar megi ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavarðar, reglum sem settar eru skv. lögnum eða skv. sérstöku lagaákvæði. Af þessu leiðir að afhendingarskyldum aðilum ber að fylgja lögum um opinber skjalasöfn er varðar alla skjalavörslu og skjalastjórn og varðveislu upplýsinga sem verða til í starfseminni. Það á við hvort sem um er að ræða skjöl sem innihalda persónuupplýsingar eða ekki.

Starfsfólk Þjóðskjalasafns hefur til dæmis orðið vart við að nokkurs misskilnings gæti innan stjórnarsýslunnar um gildisákvæði tilvonandi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Borið hefur á því að aðilar innan stjórnarsýslunnar telji að með nýjum persónuverndarlögum verði afhendingarskyldum aðilum gert heimilt eða skylt að eyða persónuupplýsingum sem myndast í starfsemi. Einnig hefur borið á þeim misskilningi að einstaklingar muni hafa rétt á því að óska eftir að upplýsingum um þá sem er að finna í skjalakerfum afhendingarskyldra aðila verði eytt ef þeir óski eftir því (rétturinn til að gleymast). Mikilvægt er að þessi misskilningur á gildissviði laganna verði leiðréttur. Það getur valdið réttindum einstaklinga og stjórnvalda miklum skaða verði skjölum eytt án heimildar Þjóðskjalasafns úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila. Þess vegna er mikilvægt að í nýjum lögum sé kveðið skýrt á um að um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila gildi lög um opinber skjalasöfn og ekki sé heimilt að eyða gögnum úr skjalasöfnum þeirra með vísan í lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Það er mikilvægt að löggjöf skapi ekki misskilning sem getur orðið til þess að réttindi borgaranna, hagar stjórnarsýslunnar og saga íslensku þjóðarinnar verði fyrir borð borin með óheimili eyðingu opinberra gagna.

Að lokum vill undirritaður nefna að lög um opinber skjalasöfn, sem mynda ramma um starfsemi opinberra skjalasafna og um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, munu teljast sérlög gagnvart nýjum persónuverndarlögum. Því ber að líta á að ákvæði laga um opinber skjalasöfn gangi framur ákvæðum nýrra persónuverndarlaga hvað varðar starfsemi opinberra skjalasafna og í skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila.

Virðingarfyllst,



Þjóðskjalavörður